við frv. til fjárlaga fyrir árið 1924.

I. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 10. gr. A. 7. (Manntal 1703):
Liðurinn færist til og verður B. 7. í sömu grein.

II. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 12. gr. 14 a. Nýr liður:
Til læknisbústaðarins í Grímsneshjeraði, þriðjungur kostnaðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 3000

III. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 12. gr. 14 b. (Sjúkrahús á Ísafirði).
Athugasemdin falli burt.

IV. Frá *Stefáni Stefánssyni.*
Við 12. gr. 14. b. Nýr liður:
Til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjarfjelagið, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt, alt að .. ... ... ... ... 20000

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 14. i. (Augnlækninganámsstyrkur):
Á undan »lækni« kemur: Guðmundi Guðfinnssyni.
Athugasemdin fellur burt.

VI. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir).
Fyrir »75000« kemur: ... ... ... ... ... ... ... ... 96000

VII. Frá *Þorleifi Guðmundssyni.*
Við 13. gr. D. III. 4. Nýr liður:
Sími Þorlákshöfn — Nes í Selvogi ... ... ... ... ... 15000

VIII. Frá *Jakob Möller.*
Við 13. gr. D. IV. 20. (Uppbót símastarfsmanna).
Fyrir »17700« kemur: ... ... ... ... ... ... ... ... 19300

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 2. d. (Afritun skjala).
Fyrir »1000« kemur: ... ... ... ... ... ... ... ... 2000

**X.** Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 15. gr. 26. b. (Bjarni Sæmundsson):
Fyrir »Ferðastyrkur« kemur: Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar.

**XI.** Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 49. Nýr liður:
Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, önnur afborgun ... ... ... ... .. ... 2500

**XII.** Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 5. a. (Skógræktarlaun):
Liðurinn verður svo:
a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 11160
Þar af 600 kr. uppbót til Einars Sæmundsens.

**XIII.** Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 16. gr. 23. Nýr liður:
Styrkur til ábúandans í Grísartungu, til húsabóta, til þess að geta hýst ferðamenn, er fara um Langavatnsdal, í eitt skifti fyrir öll ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 500

**XIV.** Frá *Þorsteini Jónssyni og Sigurði Stefánssyni.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Verðlaun til Sveinbjarnar Sveinssonar á Hámundarstöðum í Vopnafirði, fyrir að semja og birta í Búnaðarritinu ritgerð um örugg ráð til að vinna á stuttum tíma refi í grenjum ... ... 2000
Verðlaunin skulu ekki greidd fyr en ritgerðin er afhent stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

**XV.** Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 16. gr. 40. Nýr liður:
Til Byggingarfjelags starfsmanna ríkisins í Reykjavík, 15% af byggingarkostnaði, þó ekki yfir ... ... ... ... ... ... 20000

**XVI.** Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Þorvalds stúdents Árnasonar, til fullnaðarnáms við ullarverksmiðju í Englandi ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 3000

**XVII.** Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 21. gr. 12. Nýr liður:
Til R. Andersson skraddara, til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrissparnaðar, 20000 kr.

Lánið er veitt til 12 ára, með $5^{1}/_{2}$% í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn trygging, er stjórnin tekur gilda.

XVIII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 22. gr. 5. (Byggingarfjel. starfsm. ríkisins):

Fyrir orðin »Þó má« — til enda, komi: enda fari upphæð lána þeirra, er hvíla á húseignunum með 1. og 2. veðrjetti, ekki fram úr því, er landsstjórnin telur trygt.